


VOTTUN ÁBYRGRA FISKVEIÐA



CERTIFIED

Vottun ábyrgra fiskveiða undir merkjum Iceland Responsible Fisheries (IRF) felur í sér faglega og óháða vottun þriðja aðila á fiskveiðum Íslendinga.

Tilgangur vottunar er að sýna fram á með gagnsæjum hætti að staðið er að fiskveiðum og fiskveiðistjórnun á Íslandi á ábyrgan og viðurkenndan hátt í samræmi við kröfur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO.

Vottunin staðfestir:

Ábyrga fiskveiðistjórnun og góða umgengni um auðlindir sjávar



VOTTUN BYGGÐ Á VIÐMIÐUM FAO

Vottunarferlið er unnið samkvæmt ströngum alþjóðlega viðurkenndum kröfum. Staðlar sem notaðir eru við úttekt vottunaraðila byggja á samþykktum FAO, Siðareglum FAO í fiskimálum (1995) og Leiðbeiningum FAO um umhverfismerkingar og vottun vegna veiða úr villtum fiskistofnum (2005/2009).



VIÐURKENNING AF HÁLFU GSSI

Vottunarverkefni Ábyrgra fiskveiða ses. (ÁF) hefur hlotið viðurkenningu af hálfu Global Sustainable Seafood Initiative (GSSI). Vottunarverkefnið hefur staðist allar lykilkröfur sem settar eru fram í úttekt GSSI á starfsemi og fiskveiðistaðli ÁF en kröfur GSSI byggja fyrst og fremst á samþykktum FAO. Viðurkenning af hálfu GSSI staðfestir að íslensk vottun undir merkjum Iceland Responsible Fisheries stenst mat byggt á alþjóðlegum kröfum um fiskveiðistaðla og verklag.

GSSI er alþjóðlegur samvinnuvettvangur verslanakeðja, félagasamtaka, sérfræðinga og opinberra og alþjóðlegra stofnana. Markmiðið með starfsemi GSSI er að auka gagnsæi vottunar og auðvelda samanburð og efla þannig traust og stuðla að upplýstu vali í viðskiptum með vottaðar sjávarafurðir. Fyrirtæki sem eru félagar í GSSI hafa skuldbundið sig til að viðurkenna öll þau vottunarverkefni sem standast GSSI úttekt, þegar kemur að innkaupum á sjávarafurðum. Meðal þeirra eru verslunarkeðjur og fyrirtæki eins og Ahold Delhaize, Morrisons, Metro Group, High Liner Foods og Trident.



STAÐLAR

Ábyrgar fiskveiðar eiga tvo staðla sem notaðir eru til úttektar af vottunaraðila:

1. Staðall fyrir ábyrga fiskveiðistjórnun
2. Staðall fyrir vottun á rekjanleika

ÁF hefur hlotið formlega alþjóðlega viðurkennda ISO faggildingu á báða staðlana, skv. ISO/IEC 17065/2012



SKILYRÐI FYRIR VOTTUN Á SJÁLFBÆRUM VEIÐUM

1. Formlegt og skipulagt fiskveiðistjórnunarkerfi
2. Aflaregla og áætlanir um langtíma nýtingu stofnsins
3. Fiskistofnar ekki ofveiddir og það staðfest með vísindalegum rannsóknum og metið af óháðum aðila
4. Virkt eftirlit og stjórnkerfi til að stjórna veiðum og skrá afla
5. Áhrif veiða á vistkerfið skulu vera takmörkuð með skilgreindri aðferðafræði

Vottun á veiðum sem og rekjanleika er framkvæmd af óháðum þriðja aðila, en það er sú tegund vottunar sem gerir mestar kröfur um hlutlægni í mati á viðfangsefninu. Vottunarfyrirtækið er sérstaklega faggilt af alþjóðlega viðurkenndum faggildingaraðila (ISO) til að sinna vottun af þessu tagi.

REKJANLEIKAVOTTUN

Með vottun á rekjanleika er tryggt að auðkenni IRF vottunar á sjávarafurð staðfesti að afurðin eigi uppruna sinn úr IRF vottuðum veiðistofni þar sem veiðum er stjórnað með ábyrgum hætti.

Í kjölfar vottunar á veiðum á tilteknum fiskistofni geta öll fyrirtæki í virðiskeðjunni sótt um úttekt á rekjanleika til staðfestingar á uppruna sjávarafurða. Þeim fyrirtækjum sem hafa gild rekjanleikavottorð samkv. IRF staðli er heimilt að nota auðkenni IRF vottunar til markaðssetningar afurða.

MEGINMARKMIÐ MEÐ VOTTUN ÁBYRGRA FISKVEIÐA ER AÐ

- Staðfesta ábyrga stjórnun á veiðum íslenskra skipa innan íslenskrar efnahagslögsögu og úr deilistofnum
- Standa vörð um alþjóðlega viðurkennd grundvallaratriði í stjórnun fiskveiða
- Stuðla að samfélagslegri vitund og samkomulagi um mikilvægi ábyrgar fiskveiðistjórnunar
- Þjóða upp á val þegar kemur að vottun á sjálfbærum veiðum



ICELAND RESPONSIBLE FISHERIES
BORGARTÚN 35
105 REYKJAVÍK | ICELAND
WWW.RESPONSIBLEFISHERIES.IS

SIGRID MERINO
Iceland Responsible Fisheries Foundation
Tel. +354 781 8247 | sigrid@irff.is